



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. febrúar 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum vegna millilandasamruna félaga með takmarkaða ábyrgð (innleiðing á 10. félagaréttartilskipuninni nr. 2005/56/EB).

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Markmið ofangreindrar tilskipunar er að auðvelda millilandasamruna félaga sem lúta löggjöf mismunandi EES-ríkja. Með innleiðingu tilskipunarinnar eykst því sveigjanleiki íslenskra fyrirtækja sem starfa í fleiri en einu Evrópuríki eða hyggja á samruna við önnur evrópsk fyrirtæki.

Lagafrumvarpið gengur lengra en 10. félagaréttartilskipunin að því leyti að það heimilar millilandasamruna burtséð frá því hvaða félagiform á í hlut, en tilskipunin tekur aðeins til vissra félagsforma. Auk þess eru ákvæði í frumvarpinu um millilandaskiptingu félaga sem ekki er að finna í tilskipuninni. Telja SA þá leið sem farin er við innleiðingu tilskipunarinnar vera til hagsbóta fyrir íslensk fyrirtæki og auka enn á möguleika þeirra til útrásar og samruna við önnur evrópsk fyrirtæki og eru henni því meðmælt.

Í ljósi markmiðs tilskipunarinnar er þó merkilegt að hvergi segir í frumvarpinu berum orðum að millilandasamruni og millilandaskipting sé heimil. Væri æskilegt að hefja hinn nýja kafla laganna á því að taka slíkt fram.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.